

Nd.

410. Frumvarp til laga

[8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestsseturshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

Pá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.